

# GJALDSKRÁ

## fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar 2026

### 1. gr.

#### *Vatnsgjald*

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,28% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 69.129.

### 2. gr.

#### *Notkunargjald*

Sérstakt notkunargjald stórnotenda og sumarhúsa hverfa skv. 13. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 35 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

### 3. gr.

#### *Leigugjald vatnsmæla*

Leigugjald vatnsmæla, sbr. 14. gr. ofangreindrar reglugerðar, fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

| Sverleiki í mm | kr.     |
|----------------|---------|
| < 50           | 20.760  |
| 50-100         | 41.520  |
| > 100          | 103.800 |

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi. Staðsetning mæla í atvinnuhúsnæði skal vera í samráði við veitu. Afhending tengingu fyrir sumarhúsa hverfi er við næsta núverandi stofn veitunnar.

### 4. gr.

#### *Heimæðagjald*

Heimæðagjald skal taka mið af stærð heimæðar og að hún sé ekki lengri en 50m. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt eða opinn skurður sé á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

| Þvermál inntaks | 32 mm og minna | 40 mm   | 50 mm   | 63 mm   | 75 mm   | 90 mm     |
|-----------------|----------------|---------|---------|---------|---------|-----------|
| Fastagjald kr.  | 207.600        | 290.640 | 425.580 | 612.420 | 809.640 | 1.089.900 |

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar. Ef sótt er um fleiri en eina tengigrind bætist við 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 5.190 kr./m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

### 5. gr.

#### *Ábyrgð og lögveð*

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samín á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar 2025.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 11.12.2025.

Búðardal, 15.12 2025.

  
Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri

